

25. gr.

Reglugjörð þessi gildir frá byrjun skólaársins 1891—92.

*

*

*

Framanrituð reglugjörð, er samin er af amtsráðinu í norður- og austuramtinu eptir fru mvarpi tilkjörinna sýslunefndafulltrúa og tillögum sýslunefndanna í Húnavatns-Skagafjarðar- Eyjafjarðar- og Suður-Þingeyjar sýslum, staðfestist hjer með.

Reykjavík, 1. sept. 1890.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

*Magnús Stephensen.*Hannes Hafstein.

163

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um vorpróf í lærða skólanum 1890. — Þjer hafið, herra landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi dags. 23. f. m. 12. sept. sent hingað þýðingu af brjefi frá stiptsyfirvöldunum, þar sem þau leita staðfestingar á samþykki því, er þau höfðu gefið til þess, að víkja mætti á þann hátt sem nánar er lýst í stiptsyfirvaldabrjefinu, frá ákvæðunum í 9. gr. reglugjörðar fyrir hinn lærða skóla í Reykjavík 11. júlí 1877 um vorpróf í skólanum, sakir inflúenzaveiki þeirrar, er í vor gekk í Reykjavík.

Útaf þessu skal eigi látið hjá líða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að ráðgjafinn fellst hjermeð á ofanefnda ráðstöfun, er stiptsyfirvöldin höfðu leyft.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu um sveitfesti þurfaðings. — Eptir að mjer hefur borizt þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dags. 8. f. m. og skjöl þau er því fylgdu, snertandi sveitfesti gamalmennisins Þuríðar Böðvarsdóttur, er þjer hafið álitíð sveitlæga í Reykholtisdalshreppi í úrskurði yðar í máli þessu, uppkveðnum 14. okt. f. á., sem hreppsnefndin í Reykholtisdalshreppi hefur áfrýjað til mín með erindi dagsettu 13. febr. þ. á., skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg er samþykkur ástæðum þeim, sem ofanefndur úrskurður yðar er á byggður, og skal hann því í öllum greinum óraskaður standa.¹

1) Úrskurður amtmannsins í máli þessu er svohljóðandi:

«Hreppsnefndin í Reykholtisdalshreppi hefur með brjefi, dags. 2. janúar 1888, áfrýjað til amtsins úrskurði sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarsýslu, dags. 15. desbr. 1884, er ákveður að gamalmennið Þuríður Böðvarsdóttir skuli eiga rjett til sveitarframfærslu í Reykholtisdalshreppi.

Samkvæmt skjölum málsins og vitnaleiðslu þeirri, er amtið hefur látið fram fara í málinu, eru málavextir þannig:

Þuríður Böðvarsdóttir er fædd á Hofstöðum í Hálsahreppi í Borgarfjarðarsýslu 29. sept. 1826 og eptir 16. aldursár hefur hún dvalið 3 ár á Skógum í Reykholtisdalshreppi og næst þar á eptir 11 ár í Deildartungu í sama hreppi; þaðan fluttist hún til Lundareykjadals og var þar 3 ár, þaðan vjek hún að Mófellsstöðum í Skorradalshreppi og dvaldi þar í 7 ár, eða til vorsins 1866, að hún fluttist að Þingnesi, og dvaldi þar síðan samfleytt til þess í oktbr. 1875 að hún fór að Deildartungu í Reykholtisdal og var þar hjá skyldfólki sínu vetrarlangt til vors 1876, er hún aptur fluttist að Þingnesi. Sýslumaður hefur í úrskurði sínum tekið það fram, að Þuríður samkvæmt framanskriðari skýrslu um verustaði hennar, hafi hinn 29. septbr. 1847, með 5 ára löglegri dvöl í Reykholtisdalshreppi, verið búin að vinna sjer þar sveit, og þar

166 Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Vestmannaeyjasýslu; um endur-
10. okt. greiðslu á vínfangatolli. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 11. júlí þ. á. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer bótnarbrjef frá verzlunarstjóra J. M. Thomsen, þar sem hann fer fram á endurgreiðslu á aðflutningsgjaldi af 115 pottum af 16^o spritti, sem lekið hafi niður úr tunnu, sem fluttist til Vestmannaeyja frá Kaupmannahöfn með skipinu «Activ» 26. apríl þ. á., og fylgir brjefi yðar útskript úr þingbók og lögreglustjóra-vottorð máli þessu viðvíkjandi.

Eptir að jeg hefi fengið álit hins umboðslega endurskoðanda um þetta mál-efni, vil jeg hjer með tjá yður, herra sýslumaður, yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar, að með því að það verður að álitast löglega sannað með hinum umgetnu skjölum og skilríkjum, að hinir umræddu 115 pottar af 16^o spritti hafi lekið niður á leiðinni hingað til lands, þá fellst jeg á, að beiðandanum samkvæmt 3. gr. í lögum nr. 10, 11. febrúar 1876 sje endurgoldið aðflutningsgjald það, sem hann hefur af þeim greitt, og skal jeg því þjónustusamlega skora á yður að greiða honum 69 kr. að frá-
dregnum innheimtalaunum af aðflutningsgjaldi því, sem þjer heimtið saman á þessu ári, og telja þessa upphæð með útgjöldum¹ aðflutningsgjaldsreikningi yðar.

167 Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna, um kaup á jörð handa presta-
17. okt. kalli. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og háærverðugi herra, í þókn-
anlegu brjefi dags. 8. f. m. og eptir beiðni sóknarnefndanna í Bergstaða og Bólstað-
arhlíðarsóknum og hlutadeigandi prests ásamt meðmælum hlutadeigandi prófasts, vil jeg
hjer með leggja samþykki mitt á, að jörðin Steinárgerði í Bólstaðarhlíðarhreppi verði

sem hún síðan hvergi, með 10 ára samfleyttri dvöl, hafi unnið sjer sveit, þá beriað álitá, að hún eigi þar rjett til framfærslu.

Hreppsnefnd Reykholtaldalshrepps aptur á móti álitur, að Þuríður með 10 ára dvöl í Andakílshreppi sje orðin þar sveitföst, og hefur því krafizt þess, að Þuríður verði úrskurðuð að eiga framfærslurjett í Andakílshreppi og þessi hreppur verði skyldaður til að endurgjalda Reykholtaldalshreppi það, sem þaðan hefur verið lagt af fá-
tækrafje með Þuríði, sem í lok meðgjafarársins 1887—88 var orðið: 113 kr. 80 a.; því þótt Þuríður veturinn 1875—76 hafi dvalið í Deildartungu, þá hafi hún þann vetur í raun rjetti átt lögheimili í Þingnesi, og þessvega hafi hún verið 1876 verið búin að dvelja þar í hreppi löglegri dvöl í 10 ár; hún hafi alls eigi vikið vistferlum að Deildartungu, heldur aðeins dvalið þar hjá skyldfólki sínu, enda hafi hún skilið rúm sitt og fjármuni eptir í Þingnesi um haustið, er hún fór þaðan. Það virðist nægilega sannað af skjölum málsins og vitnaleiðslunni, að Þuríður síðustu árin sem hún dvaldi í Þingnesi, hafi verið þar í gustukaskyni hjá skyldfólki sínu þar hún sökum heilsuleysis eigi lengur gat verið hjú, og sömuleiðis verður að skoða dvöl hennar í Deildartungu veturinn 1875—76 á sama hátt, þannig að hún þar hafi haft löglegt heimili hjá ættingjum sínum um veturinn, sem gustukakona, öldungis eins og næst undanfarinn tíma í Þingnesi, eptir að hún hætti að geta verið þar hjú sökum heilsu-
brests, en af því leiðir nú beinlínis, að Þuríður aldrei hefur dvaldið samfleytt 10 ár í Andakílshreppi, nje í nokkrum öðrum hreppi, og þer þessvega, eins og sýslumaður hefur gjört í frammannefndum úrskurði sínum, að álitá Þuríði Bøðvarsdóttur sveitlaga í Reykholtaldalshreppi, þar sem hún eptir áðursögðu hinn 29. sept. 1847 hafi dvalið samfleytt í 5 ár, og er úrskurður hans í þessu máli þvi hjer með staðfestur.

Þetta tilkynnist yður hr. sýslumaður, yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir oddvitum hreppsnefndanna í Reykholtaldal- og Andakílshreppum.